



Fundargerð stjórnar (7)

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 2. júní 2021 og hófst kl. 16:00.

Fundinn sátu: Helga Jónsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Margrét Theodórsdóttir, Matthías Matthíasson og Guðmundur Kristjánsson. Jafnframt sat Katrín Dóra Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá

Hjallastefnan ehf

1. **Fundargerð** frá 19.05.21 staðfest.

2. **Framvinduskýrsla framkvæmdastjóra**

KDP kynnti skýrslu sína sem er aðgengileg með öðrum gögnum fundarins.

3. **Stefnumótunarfundur 3. júní kl. 13-17**

Dagskrá fundarins var kynnt stjórn.

Hjallastefnan - grunnskólar ehf

4. **Framtíð Barnaskólans í Reykjavík**

a. Erindi til borgarráðs

Stjórn samþykkir erindið með áorðnum breytingum og felur HJ að skila því inn til Reykjavíkurborgar fyrir hádegi á föstudag. Erindið verður undirritað af stýrihópnum. Einnig var HJ ásamt fulltrúa foreldra falið að kynna málið fáist boð á borgarráðsfund.

b. Samstarf við foreldra

Farið yfir þátttöku foreldra og áform þeirra um að kynna einstökum borgarfulltrúum málið.

c. Húsnæðisstefna, samantekt MPÓ

Samþykkt að samantektin verði fylgiskjal með erindinu til borgarráðs.

5. **Húsnæði BSR tryggt út komandi skólaár**

Stjórn samþykkir að hefja framkvæmdir við endurbætur á kennsluhúsnæði sem lokað var vegna myglu á sl. ári. Kostnaður skv. framlagðri áætlun rúmar 23 milljónir kr.

6. **Jafnlaunavottun grunnskóla, launagreining**

Launagreining grunnskólans er meðal gagna fundarins fyrir stjórn að kynna sér. Niðurstaðan sýnir að enginn marktækur eða óskýrður launamunur er hjá grunnskólunum.

Hjallastefnan - leikskólar ehf

7. **Framtíðarstaðsetning Leikskólans Öskju**

Sbr. erindi til borgarráðs.

8. **Jafnlaunavottun leikskóla**

Launagreining leikskólans er meðal gagna fundarins fyrir stjórn að kynna sér. Niðurstaðan sýnir að enginn marktækur eða óskýrður launamunur er hjá leikskólunum.

Bak-Hjalli ehf

9. **Breyting á hlutafé í Hjalli Model**

Stjórn samþykkir breytingar á hlutafé í samræmi við fyrirbyggjandi greiningu endurskoðanda KPMG. Hlutur Bak-Hjalla í Hjalla Model verður eftir breytingarnar 26%. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir greiðsluáætlun frá Hjalla-Model vegna 55.000.000 kr. fjárkröfu og leggja fyrir stjórn.



Hjallastefnan

Við umfjöllun málsins vék MPÓ af fundi vegna vanhæfis.

10. Önnur mál

MM gerði grein fyrir tækniþjónustu sem hann hefur veitt og veitir Hjallastefnunni í framhaldi fyrri starfa sinna hjá félaginu. Þjónustan er veitt samkvæmt samningi við fyrrverandi framkvæmdastjóra en ákvarðanir allar hjá Hjalla miðstöð. Stjórn þakkaði upplýsingar. Niðurstaðan sú að hagræði felist í þessu fyrirkomulagi þjónustu sem stjórn telur ekki reyna á nein vanhæfissjónarmið.

Fundi slitið kl. 17:28

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is